

Uppúr skúffunum 2002

Fimmtudaginn 17. janúar 2002 afhenti veðurstofustjóri, Magnús Jónsson, verðlaun í hugmyndasamkeppni um nýtingu rannsóknaniðurstaðna í tengslum við átaksverkefnið Uppúr skúffunum.

Uppúr skúffunum er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um nýtingu rannsóknaniðurstaðna. Í ár bættist Tækniþróun í hóp samstarfsaðila en fyrirtækið styrkir samkeppni um hagnýt lokaverkefni stúdenta við Háskóla Íslands. Verkefnið felst annarsvegar í ráðgjöf og skipulagningu námskeiða til handa rannsóknarfólki og hinsvegar í hugmyndasamkeppni tengdri hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Á síðastliðnum árum hafa fjölmargir aðilar fjárfest í hugmyndum sem komið hafa í samkeppnina en á síðustu tveimur árum hafa 5 fyrirtæki verið stofnuð í tengslum við þær auk þess sem enn fleiri hugmyndir hafa verið nýttar innan veggja starfandi fyrirtækja. Í ár var markhópur verkefnisins stækkaður en það nær nú til allra háskóla og rannsóknastofnana auk fyrirtækja er vinna að hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Alls bárust 18 hugmyndir í samkeppnina í ár en af þeim hljóta þrjár verðlaun, samtals að upphæð kr. 1.250.000 kr. og hefur verðlaunafé verið hækkað um 250.000 frá síðasta ári.

Að þessu sinni voru veitt tvö fyrstu verðlaun, að upphæð kr. 500.000 kr. og ein önnur verðlaun að upphæð kr. 250.000 kr. Að þessu sinni hlutu verðlaunin:

1. verðlaun að upphæð kr. 500.000, hlutu:

- Guðmundur G. Bjarnason, doktor í efna- og eðlisfræði lofthjúps jarðar, með Skýjahulumælingar. Hagnýting felst í að sækja um einkaleyfi og hefja framleiðslu á sjálfvirkum geisla- og ljósmælingatækjum sem ásamt sérsníðnum hugbúnaði geta sagt til um skýjafar á rauntíma og er handhægt að setja upp í sjálfvirkum veðurstöðvum



- Haraldur Ólafsson, doktor í veðurfræði, með Vindkortagerð; Reikningar og framsetning á vindafari við yfirborð jarðar. Hagnýting felst í sérfræðiráðgjöf til framkvæmdaáðila og verkfræðinga í mannvirkjagerð.

2. verðlaun kr. 250.000 hlaut Baldur Þórhallsson; doktor í stjórnmálaheimspeki, með verkefnið Rannsókn- og kennslusetur um smáríki. Hagnýtingarmöguleikar felast í námskeiðahaldi, þjónustuverkefnum og námsgagnagerð.

Í kjölfar samkeppninnar var verðlaunahöfum og öðrum þátttakendum boðin aðstoð við hagnýtingu rannsóknaverkefna sinna varðandi; umsókn um einkaleyfi, fjármögnun, Evrópusamstarf og viðskiptaráðgjöf.